Nd. **87. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun fátækralaganna.

Flm.: Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða fyrir næsta þing fátækralöggjöfina, sjerstaklega með tilliti til þess að leita jafnaðar á misrjetti því, sem nú er um álöguþunga til fátækraframfærslu á milli hinna einstöku framfærslubjeraða.

Greinargerð.

Með gildandi skipulagi á útgjöldum til fátækraframfærslu hafa menn orðið mjög misjafnlega hart úti um álöguþunga í hinum einstöku framfærslubjeruðum. Hefir það misrjetti farið hraðvaxandi.

Því má ekki una, að landsmenn sjeu svo freklega misrjettháir fyrir lögunum. Fleira mætti telja, sem aðgæsluvert er um fátækralöggjöfina, en þessi er höfuðástæðan fyrir tillögunni.